

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 872/2006, um tilkynningu og birtingu ákvarðana um endurskipulagningu fjárhags og slit lánastofnana.

1. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi:

Slík tilkynning skal vera í samræmi við ákvæði 13. og 44. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Tilkynninguna skal einnig birta í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og a.m.k. tveimur innlendum dagblöðum í öllum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. og 4. mgr. 99. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1049/2008, um breytingu á reglugerð um tilkynningu og birtingu ákvarðana um endurskipulagningu fjárhags og slit lánastofnana, nr. 872/2006.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 22. júlí 2013.

F. h. r.

Kjartan Gunnarsson.

Hafdís Ólafsdóttir.